

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag í Akraneskaupstað.

*Breyting á deiliskipulagi Smiðjuvalla.*

Á fundi bæjarstjórnar Akraneskaupstað sem haldinn var þann 13. nóvember 2007, var samþykkt deiliskipulagsbreyting á Smiðjuvöllum á Akranesi.

Breytingin felst í að lóðirnar númer 7 og 8 við Kalmansvelli eru sameinaðar og nýtingarhlutfall verður 0,1 að lágmarki og 0,5 að hámarki. Að öðru leyti breytast byggingarskilmálar ekki.

Framangreind deiliskipulagsbreyting var auglýst skv. 1. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 og hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Deiliskipulagsbreytingin tekur þegar gildi.

*Akranesi, 11. desember 2007.*

**Þorvaldur Vestmann,**  
sviðsstjóri tækni- og umhverfissviðs.

---

B-deild – Útgáfud.: 11. desember 2007